

Mál nr. 89/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna innbrots í geymslu í kjallara fjölbýlishúss.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5.5.2003 ásamt greinargerð málskotsaðila.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla ásamt lista yfir stolna muni og verðmæti þeirra.
4. Bréf X, dags. 2.2., 19.2. og 20.5.2003.
5. Skilmálar.

Málsatvik.

Þann 15.1.2003 var lögreglan kvödd að heimili M í fjölbýlishúsi Reykjavík. Hafði þá komið í ljós að nokkrum dögum fyrr hafði verið brotist inn í geymslu í kjallara hússins, sem tilheyrði íbúð hans. Úr geymslunni hafði verið tekinn pappakassi sem hafði að geyma ýmsa tölvuíhluti.

M hefur krafist bóta fyrir þá muni, sem stolið var, úr innbúsið fjölskyldutryggingar sem hann hefur hjá X. Félagið hefur hafnað bótum.

Álit.

Í 2. gr. skilmála félagsins, sem gilda um innbústryggingu, segir að vátryggingin taki til innbús, almenns og sérgreinds, sem er í eigu vátryggðs. Ennfremur segir að með almennu innbúi sé átt við lausafjármuni, sem fylgja almennu heimilishaldi, svo sem húsgögn, heimilistæki, laus gólfteppi, fatnað, bækur og lín. Einnig eru taldir upp nokkrir aðrir munir sem teljast til almenns innbús. Þá eru taldir upp þeir búsmunir sem teljast til sérgreinds innbús. Í a)-lið þeirrar upptalningar eru: málverk, listaverk, myndavélar, sýningarvélar, myndbandsupptökuvélar, sjónaukar, hljóðfæri, hljómtæki, útvarps- og sjónvarpstæki, segulbandstæki og heimilistölvur ásamt fylgihlutum til þessara tækja.

Á sérstakri yfirlitsmynd í skilmálunum um vátryggingarsvið innbústryggingarinnar kemur fram í D – dálki um innbrotsþjófnað að vátryggingin taki til almenns innbús, persónulegra lausafjármuna, þegar stolið er úr geymslum utan íbúðar.

Ætla verður að hinir stolnu munir hafi verið fylgihlutir með heimilistölvu. Fer því ekki á milli mála samkvæmt framangreindu að þeir teljast til sérgreinds innbús. Slíkir munir bætast ekki við þjófnað úr geymslu utan íbúðar eins og reyndin var í máli þessu. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjón M ekki bætt úr innbústryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr innbústryggingu hans hjá X.

Reykjavík, 11. júní 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.